Yfirlýsing Efnahagsbandalags Evrópu.

Bandalagið minnir á að við töku ákvörðunar sinnar um að láta ákvæði bókunar nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands koma til framkvæmda frá 1. júlí 1976 skrifaði það bréf, dags. 23. júní 1976, til ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands þar sem það gerði grein fyrir skilyrðunum sem það byggði ákvörðun þessa á.

Af því tilefni að samningurinn er einnig látinn ná til Spánar og Portúgals ítrekar bandalagið skilmálana í því bréfi.

Yfirlýsing ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands.

Ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sér yfirlýsingu Efnahagsbandalags Evrópu um túlkun á bréfi forseta ráðsins, dagsettu 23. júní 1976, um framkvæmd bókunar nr. 6 við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Ríkisstjórn Íslands telur ekki að í þessu bréfi felist fyrirvari um framkvæmd téðrar bókunar þó að þeirri von sé lýst að samningaviðræður við Ísland um hið almennara vandamál viðvíkjandi fiskveiðimörkum muni hefjast í náinni framtíð og varanlegir samningar takist sem báðir aðilar sætti sig við.

18. desember 1986 Nr. 17

AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samninginn við aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar Spánar og Portúgals að bandalaginu.

Hinn 14. júlí 1986 var undirrituð í Brussel viðbótarbókun við samninginn frá 22. júlí 1972 milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 3/1973. Alþingi hafði með ályktun 27. febrúar 1986 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda bókunina.

Tilkynnt verður um gildistöku síðar.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN
við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu.

KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,

KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,

HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLAND OG NORÐUR-ÍRLAND OG SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

sem eru aðilar að Kola- og stálbandalagi Evrópu,

annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

hins vegar,

SEM HAFA HLIÐSJÓN að samningnum milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem undirritaður var í Bruxelles 22. júlí 1972 og hér á eftir verður nefndur „samningurinn",

HAFA HLIÐSJÓN AF aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum 1. janúar 1986 og

HAFA Í HUGA að 19. desember 1985 gerðu aðildarríki bandalagsins og bandalagið annars vegar og lýðveldið Ísland hins vegar með sér samkomulag um reglur varðandi viðskipti milli Íslands annars vegar og Spánar og Portúgals hins vegar á tímabilinu 1. janúar – 28. febrúar 1986,

HAFA ÁKVEÐIÐ með samkomulagi sín á milli að gera breytingar á og setja aðlögunarákvæði í samninginn vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Kola- og stálbandalagi Evrópu

og AÐ GERA BÓKUN ÞESSA:

1. gr.

Konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal gerast hér með aðilar að samningnum.

I. HLUTI
BREYTINGAR

2. gr.

1. Texta samningsins, viðaukanna og bókananna sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokabókunarinnar og hjálagðra yfirlýsinga skal þýða á spænsku og portúgölsku og skulu þeir textar vera jafngildir frumtextunum. Samningsaðilarnir skulu samþykkja spænska og portúgalska textann með erindaskiptum.

2. Vörur, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Íslandi, skulu við innflutning til Kanaríeyja, Ceuta eða Melilla að öllu leyti njóta sömu tollfríðinda og veitt eru vörum sem upprunnar eru á tollsvæði bandalagsins, m. a. að því er tekur til „arbitrio insular" gjaldsins sem á er lagt á Kanaríeyjum.

3. Lýðveldið Ísland skal við innflutning vara, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Kanaríeyjum, í Ceuta eða í Melilla, veita þeim sömu tollfríðindi og veitt eru vörum sem fluttar eru inn frá Spáni og upprunnar þar.

II. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

3. gr.

Samningsaðilarnir skulu með erindaskiptum gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera eftir aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

4. gr.

Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

5. gr.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. mars 1986 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

6. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

Gjört í Brussel fjórtánda dag júlí árið nítján hundruð áttatíu og sex.